

Þingflokksfundur Pírata, miðvikudaginn 1. febrúar 2017, kl. 13.

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar Ingiberg Gunnarsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Viktor Orri Valgarðsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Jón Þórisson og Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir. Einar Brynjólfsson boðaði forföll. Berglind ritaði fundargerð.

Nr. 6/2017

1. Fundargerð

Gerð var athugasemd við orðalag í 3. lið fundargerðar frá 30. janúar. Var athugasemdin skráð og fundargerðin að svo búnu samþykkt.

2. Bréf á fundi þingflokksformanna og dagskráin í dag

Ásta Guðrún greindi frá fundi þingflokksformanna og fór yfir dagskrá þingfunda vikunnar. Ákveðið var að Gunnar Ingiberg standi þingvakt í dag en Ásta Guðrún bakvakt. Ákveðið var að Ásta og Smári taki vaktina á morgun, fimmtudag. Halldóra hyggst ræða við heilbrigðisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma á morgun, fimmtudag. Birgitta og Halldóra munu taka þátt í sérstökum umræðum í dag um kjör öryrkja. Sérstakar umræður á morgun liggja ekki fyrir en Ásta og Smári munu taka þátt þar til annað kemur í ljós. Forgangsmál Pírata voru rædd og ákveðið var að taka þau til frekari umræðu á næsta þingflokksfundi.

3. Bréf af forsætisnefndarfundi

Jón Þór gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar og óskaði eftir að því trúnaðarskylda í nefndum yrði tekin fyrir á næsta þingflokksfundi.

4. Bréf af nefndafundum

Farið var yfir stöðu mála í nefndum.

5. Kosning í nefndir og ráð

Ásta Guðrún greindi frá vinnu sinni og Jóns Þórissonar varðandi tilnefningar í nefndir. Ásta lagði til að tveir vinnuhópar verði skipaðir, annars vegar um landskjörstjórn og stjórn Grænlandssjóðs og hins vegar um bankaráð Seðlabanka Íslands og nefnd um erlenda fjárfestingu. Einnig var lagt til hver þingmaður skoði tilnefningar í yfirkjörstjórnir í sínu kjördæmi. Voru tillögur þessar samþykktar og mun Ásta senda tölvupóst á þingflokkinn varðandi málið í dag. Ákvörðun verður tekin á þingflokksfundi nk. mánudag.

6. Samþykktir og fundasköp þingflokksins.

Ásta Guðrún lagði fram eftirfarandi tillögu:

“Þingflokkurinn á að taka upp samþykktir um fyrirkomulag starfa þingflokksins, s.s. skipan í nefndir, trúnaðarstöður innan flokksins, fundarsköp og fleira.”

Var tillaga þessi samþykkt samhljóða. Ásta Guðrún fer með framkvæmd verkefnisins en jafnframt var ákveðið Þórhildur Sunna hafi umsjón með samþykktagerð og Jón Þór með fundarskapagerð. Ákveðið var að tímaramminn yrði tvær vikur en að drög verði send út eftir viku.

7. Fyrirkomulag þingflokksformennsku, þingflokksstjórn og formennsku

Ákveðið var að fresta dagskrárlíð fram að næsta þingflokksfundadegi.

8. Fjölmiðlar

Ásta Guðrún óskaði eftir því að þingmenn hafi samband við Kristján vegna einstaklingsviðtala. Ásta mun skipuleggja framing fund ásamt Kristjáni en Jón Þórisson og Kristján hafa umsjón með ljósmyndatökum.

Rætt var um Pírataspjallið og samfélagsmiðla. Sigríður Bylgja greindi frá hugmynd að reglulegum fundum með grasrót. Ákveðið var að ræða Facebook frekar á næsta þingflokksfundi.

9. Kvótaflóttafólk

Vakin var athygli á innsendu erindi.

10. Debriefing

Farið var stuttlega yfir fundinn.

11. Önnur mál

Þórhildur Sunna greindi frá fyrirspurn í vinnslu og hugmynd að sérstökum umræðum. Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.52.